80

1935 2015

Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja



# Ársskýrsla SSF 2017

Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja

SSF

TRAUST ÞEKKING METNAÐUR

# Efnisyfirlit


Nokkur atriði um starfsemina . . . 3

Fjöldi félaga í SSF . . . 3

Helstu tölur úr rekstri . . . 5

- Laun og launatengd gjöld . . . 5
- Tölvukerfi SSF . . . 6
- Þing SSF . . . 6
- Erlent samstarf . . . 6
- 80 ára afmæli . . . 7
- Fræðslu-, kynningar- og útgáfustarfsemi . . . 7

Styrktarsjóður SSF . . . 8

Styrktarsjóður . . . 9

- Skipting styrkja árið 2017 . . . 9

Menntunarsjóður SSF . . . 10

Menntunarsjóður . . . 11

- Skipting styrkja árið 2017 . . . 11

Grunnsjóður SSF . . . 12

Vinnudeilusjóður . . . 12

Ferli við samþykkt reikninga/ársreiknings . . . 13

**Ársreikningur SSF 2017** . . . 15

- Vinnudeilusjóður SSF . . . 27
- Styrktarsjóður SSF . . . 37
- Menntunarsjóður SSF . . . 47
- Grunnsjóður SSF . . . 57

# Nokkur atriði um starfsemina

Leiðandi stéttarfélag fyrir starfsmenn fjármálafyrirtækja og tengdra fyrirtækja.

SSF er í forystu við gerð kjarasamninga sem tryggja góð réttindi og kjör félagsmanna. Stéttarfélag sem tryggir gott samstarf við atvinnurekendur, aðildarfélög og trúnaðarmenn með hag félagsmanna að leiðarljósi.

Skrifstofur SSF eru í Nethyl 2E en húsnæðið er alfarið í eigu félagsins, SSF leigir út hluta af húsnæðinu sem ekki er þörf á fyrir starfsemina. Á skrifstofu SSF starfa þrír starfsmenn í fullu starfi.

# Fjöldi félaga í SSF

* Fjöldi félaga í SSF í október á hverju ári, námundaður að hundrað.



Stjórn SSF skipa 11 manns sem kjörnir eru til þriggja ára í senn á þingi SSF. Stjórnarseta er launuð og eru laun stjórnarmanna ákveðin á þingi SSF.

Árið 2017 voru aðildarfélög að SSF tólf talsins. Forsvarsmenn aðildarfélaga hafa beina aðkomu að starfi og stefnumótun SSF, auk þess sem þeir tilnefna þingfulltrúa á þing SSF. Um 95% félagsmanna SSF standa að baki þessum 12 aðildarfélögum.

Formannafundir SSF eru haldnir minnst tvisvar á ári, nema þingár, og oftar ef þörf er á. Fundina sitja stjórn SSF og formenn og stjórnarmenn aðildarfélaga. Formannafundir hafa það hlutverk að fylgjast með störfum stjórnar SSF, vera henni til ráðuneytis og styrkja tengslin milli aðildarfélaganna og stjórnar SSF.

Vel á annað hundrað trúnaðarmenn eru fulltrúar SSF á vinnustöðum. Trúnaðarmenn eru mikilvægur hlekkur í rekstri stéttarfélagsins og leggur SSF mikla áherslu á traust samband milli trúnaðarmanna og skrifstofu SSF, til dæmis með öflugu fræðslustarfi á sérstökum námskeiðum fyrir trúnaðarmenn.

SSF hefur umsjón með sjóðum SSF, það er Styrktarsjóði og Menntunarsjóði, og hefur með höndum allan daglegan rekstur sjóðanna í samræmi við úthlutunarreglur og í samráði við stjórnir sjóðanna.

# Helstu tölur úr rekstri

## Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja (SSF)

| | |
|---|---|
| **Rekstrartekjur SSF** | **155.810** |
| **Rekstrargjöld SSF** | **151.315** |
| Þar af: | |
| Laun og launatengd gjöld | 64.604 |
| Tölvukerfi SSF | 7.811 |
| Erlent samstarf | 11.280 |
| 80 ára afmæli | 4.533 |
| Kostnaður v/fræðslu-, kynningar- og útgáfustarfsemi | 26.848 |
| **Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld** | **15.646** |
| **Hagnaður ársins** | **20.141** |
| | |
| **Eigið fé** | **488.711** |

*Fjárhæðir í þús. króna*

# Laun og launatengd gjöld

Árið 2017 voru fjögur ársstörf á skrifstofu SSF auk þess sem ellefu manna stjórn SSF fær greidd laun samkvæmt ákvörðun þings SSF hverju sinni. Allri daglegri starfsemi er sinnt á skrifstofu SSF en sérhæfðum málum, svo sem lögmanns- og tölvuþjónustu og hluta af útgáfu- og kynningarstarfi er sinnt af verktökum.

# Tölvukerfi SSF

SSF rekur eigið tölvukerfi sem er þjónustað af Netheimi ehf. SSF og Netheimur hafa um árabil átt farsælt samstarf en Netheimur hefur jafnframt því að reka tölvukerfi SSF og sjá um daglega tækniþjónustu séð um þróun á Mínum síðum fyrir SSF. Mínar síður hafa bætt þjónustu við félagsmenn auk þess að bjóða upp á mikla möguleika til framtíðar. Rekstur SSF er þess eðlis að tölvukerfi félagsins geymir mikið magn persónuupplýsinga og leggur félagið því mikil áhersla á öryggismál.

# Þing SSF

Þing SSF fer með æðsta vald í öllum málefnum SSF. Þingið er haldið á þriggja ára fresti og var síðasta þing haldið árið 2016. Á þingi SSF er stefna og áherslur í starfi félagsins ákveðnar til þriggja ára í senn, ný stjórn SSF er kosin auk þess sem fjárhagsáætlun er gerð fyrir rekstur SSF til næstu þriggja ára. Á milli þinga er rekstur SSF í höndum stjórnar SSF og formannafunda. Þing SSF er skipað fulltrúum aðildarfélaga, þingið sækja um 100 manns og er þingið skipulagt með þéttri dagskrá í tvo heila daga. Þingfulltrúar fá ekki greitt fyrir þingsetu en SSF greiðir ferðakostnað, gistingu og uppihald.

# Erlent samstarf

SSF er aðili að tveimur erlendum regnhlífasamtökum, það eru norrænu samtökin NFU og alheimssamtökin UNI. SSF tekur virkan þátt í starfi þessara samtaka og má geta þess að SSF skipar einn aðila í stjórn NFU og tvo í miðstjórn NFU, auk þess sem aðild að samtökunum tryggir aðgang að sameiginlegum norrænum vinnudeilusjóði. Þá hefur SSF átt fulltrúa í ungliðasamtökunum UNI Youth. Stærstur hluti kostnaðar vegna erlends samstarf er félagsgjöld til þessara tveggja samtaka. Í júní 2017 var stór ráðstefna á vegum NFU haldin á Íslandi og tók SSF að hluta þátt í kostnaði við það verkefni.

## 80 ára afmæli

Í tilefni af 80 ára afmæli Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja árið 2015 ákvað stjórn samtakanna að styrkja starfsemi Ljóssins með gjöf til tækjakaupa í endurhæfingar- og sjúkraþjálfunarsal Ljóssins. Jafnframt var gerður samningur milli samtakanna og Ljóssins um viðhald og endurnýjun tækja til ársins 2020. Formleg afhending tækjanna var þann 1. júní 2016 í nýjum líkamsræktar- og endurhæfingarsal Ljóssins. Ákveðið var að láta þá fjármuni sem annars hefðu farið í hátíðahöld á afmælisárinu renna til góðra málefna og var stærsti liðurinn í því styrkurinn til Ljóssins en lokaverkefnið var síðan fjölnota innkaupapokar sem félagsmenn SSF fengu að gjöf á haustmánuðum 2017 og var þeirri gjöf ætlað að vekja athygli á umhverfisvernd og draga úr plastnotkun.

## Fræðslu-, kynningar- og útgáfustarfsemi

SSF stóð fyrir öflugu fræðslu-, útgáfu- og kynningarstarfi á árinu 2017. Tvö tölublöð af SSF blaðinu voru gefin út á árinu. Félagið nýtir sér jafnframt vef- og samskiptamiðla til að miðla upplýsingum til félagsmanna en yfir 60 fréttir birtust á heimasíðu SSF á árinu. Þess má einnig geta að samtökin eru með yfir 2.700 fylgjendur á Facebook en langstærstur hluti þeirra eru félagsmenn. Þrjú trúnaðarmannanámskeið voru haldin á árinu 2017 sem 82 trúnaðarmenn sóttu. Auk þess var heildarkjarasamningur SSF og SA gefinn út á ensku, kynningarbæklingur SSF leit dagsins ljós og Ágrip úr sögu SSF 1935-2015 kom út á prenti í takmörkuðu upplagi. Allt útgefið efni er aðgengileg á vef SSF auk þess sem nálgast má eldra efni á www.timarit.is, í því sambandi er rétt að nefna að SSF hét áður SÍB, Samband íslenskra bankamanna.

# Styrktarsjóður SSF

Helsta verkefni Styrktarsjóðs SSF er að greiða sjúkradagpeninga til félagsmanna sem verða óvinnufærir vegna veikinda eða slysa og hafa nýtt veikindarétt sinn samkvæmt kjarasamningi SSF að fullu.

Sjóðurinn endurgreiðir jafnframt hluta kostnaðar vegna ýmissa fyrirbyggjandi meðferða og skoðana samkvæmt úthlutunarreglum hverju sinni.

Styrktarsjóður SSF hefur úthlutað styrkjum til félagsmanna frá árinu 2001.

Sjóðurinn er fjármagnaður með framlagi atvinnurekenda sem greiða upphæð sem nemur 0,7% af launum starfsmanna til sjóðsins, þó að hámarki miðað við hæsta launaflokk í launatöflu SSF.

| | |
|---|---|
| **Rekstrartekjur** | **197.951*** |
| Þar af: | |
| Árgjöld | 167.951 |
| Framlag úr Grunnsjóði | 30.000 |
| **Rekstrargjöld** | **189.505** |
| **Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld** | **1.185** |
| **Hagnaður** | **9.630** |
| **Eigið fé** | **26.365** |

*Frá 1. maí 2017 hækkaði framlag atvinnurekenda til Styrktarsjóðs SSF úr 0,5% í 0,7% af launum.

*Fjárhæðir í þús. króna*

# Styrktarsjóður

## Skipting styrkja árið 2017

*Fjárhæðir í þús. króna*




Árið 2017 voru 4.962 umsóknir afgreiddar í Styrktarsjóði SSF til 2.158 félagsmanna.

Árið 2017 fengu 66 félagsmenn greidda sjúkradagpeninga.

# Menntunarsjóður SSF

Markmið Menntunarsjóðs SSF er að efla félagsmenn í starfi og gera þá að verðmætari starfsmönnum. Sjóðnum er ætlað að veita styrki vegna kostnaðar við menntun, símenntun og endurmenntun. Einnig við námskeið í námstækni, og námskeið sem nýtist til félagsstarfa að mati stjórnar.

Fullgildir félagsmenn SSF geta fengið endurgreidd námsgjöld allt að 450.000 krónum á ári (þrjár annir). Sumarstarfsmenn geta fengið endurgreidd námsgjöld allt að 25.000 krónum á ári.

Menntunarsjóður SSF hefur úthlutað styrkjum til félagsmanna frá árinu 2001.

Sjóðurinn er fjármagnaður með framlagi atvinnurekenda sem greiða upphæð sem nemur 0,3% af launum starfsmanna til sjóðsins, þó að hámarki miðað við hæsta launaflokk í launatöflu SSF.

| | |
|---|---|
| **Rekstrartekjur (Árgjöld)** | **79.429** |
| **Rekstrargjöld** | **67.009** |
| **Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld** | **895** |
| **Hagnaður** | **13.314** |
| | |
| **Eigið fé** | **59.160** |

*Fjárhæðir í þús. króna*

# Menntunarsjóður

## Skipting styrkja árið 2017

*Fjárhæðir í þús. króna*




Árið 2017 voru 783 umsóknir afgreiddar í Menntunarsjóði SSF til 591 félagsmanns.

# Grunnsjóður SSF

Tilgangur sjóðsins er að vera varasjóður fyrir starfsemi SSF og sjóði SSF.

Sjóðurinn var stofnaður árið 2013 og rennur 0,15% af 0,70% félagsgjaldi til sjóðsins.

Árið 2017 úthlutaði sjóðurinn 30 milljónum til Styrktarsjóðs SSF.

Í ljósi þess að framlag til Styrktarsjóðs hækkaði úr 0,50% í 0,70% í maí 2017 má búast við því að hlutverk Grunnsjóðs verði endurskoðað á næsta þingi SSF árið 2019.

| | |
|---|---|
| **Rekstrartekjur** | **40.183** |
| **Rekstrargjöld** | **30.113** |
| **Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samals** | **1.521** |
| **Hagnaður** | **11.590** |
| **Eigið fé** | **63.144** |

*Fjárhæðir í þús. króna*

# Vinnudeilusjóður

Tilgangur sjóðsins er að styrkja félagsmenn SSF ef til vinnudeilna kemur.

Árið 2013 var hætt að greiða inn í Vinnudeilusjóð en frá þeim tíma eru einu tekjur sjóðsins vaxtatekjur.

Vinnudeilusjóður hagnaðist um tæpar 34 milljónir árið 2017 sem skýrist af vaxtatekjum.

Í lok árs 2017 voru eignir Vinnudeilusjóðs rúmar 896 milljónir.

## Ferli við samþykkt reikninga/ársreiknings

Fjármálastjóri greiðir reikninga

↓

Framkvæmdastjóri kvittar á alla reikninga

↓

Bókari bókar reikninga í bókhaldskerfið DK

↓

Gjaldkeri stjórnar SSF yfirfer bókun

↓

Löggiltur endurskoðandi útbýr ársreikning samkvæmt gildandi lögum og reglum

↓

Félagslega kjörnir skoðunarmenn yfirfara ársreikning með endurskoðanda

↓

Endurskoðandi kynnir ársreikning fyrir Stjórn SSF til samþykktar

↓

Ársreikningur birtur á heimasíðu SSF

# Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja

Vinnudeilusjóður SSF
Styrktarsjóður SSF
Menntunarsjóður SSF
Grunnsjóður SSF

# Ársreikningar 2017

Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja
Nethyl 2
110 Reykjavík

Kt. 550269-7679

# Efnisyfirlit


| | Bls. |
|---|---|
| Undirritun stjórnenda á ársreikninginn | 17 |
| Áritun óháðra endurskoðenda | 18 |
| Rekstrarreikningur | 20 |
| Efnahagsreikningur | 21 |
| Sjóðstreymisyfirlit | 22 |
| Skýringar | 23 |
| Ársreikningur Vinnudeilusjóðs SSF | 27-35 |
| Ársreikningur Styrktarsjóðs SSF | 37-45 |
| Ársreikningur Menntunarsjóðs SSF | 47-55 |
| Ársreikningur Grunnsjóðs SSF | 57-65 |

# Undirritun stjórnenda á ársreikninginn

Samtökin voru stofnuð í janúar 1935. Tilgangur þeirra hefur frá upphafi verið að verja kjör og starfsumhverfi félagsmanna SSF.

Hagnaður varð af rekstri Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja á árinu að fjárhæð 20 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé í árslok nam 489 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi, en eigið fé í ársbyrjun var 469 millj. kr. Vísað er til skýringa í ársreikningnum um breytingar á eiginfjárreikningum.

Stjórn Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning samtakanna fyrir árið 2017 með undirritun sinni.

Reykjavík, 13. apríl 2018

Í stjórn Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja:

Framkvæmdastjóri:

# Áritun óháðra endurskoðenda

Stjórn Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja.

## Áritun um endurskoðun ársreikningsins

### Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja ("félagið") fyrir árið 2017. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2017 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2017, í samræmi við lög um ársreikninga.

### Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

## Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

**Staðfesting vegna skýrslu stjórnar**

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 13. apríl 2018

**KPMG ehf.**

**Kjörnir skoðunarmenn**

# Rekstrarreikningur árið 2017

| | Skýr. | 2017 | 2016 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur:** | | | |
| Árgjöld | 2 | 147.337.310 | 145.765.052 |
| Þjónustutekjur | 2 | 6.500.000 | 6.500.000 |
| Aðrar tekjur | | 1.972.946 | 1.979.544 |
| | | 155.810.256 | 154.244.596 |
| **Rekstrargjöld:** | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 9 | 64.603.871 | 62.865.628 |
| Kostnaður vegna fræðslu- og útgáfustarfsemi | 10 | 26.848.288 | 20.185.545 |
| Annar rekstrarkostnaður | 11 | 49.256.489 | 76.380.260 |
| Afskriftir | 3 | 10.606.637 | 7.932.871 |
| | | 151.315.285 | 167.364.304 |
| Rekstrarhagnaður -(tap) | | 4.494.971 | ( 13.119.708) |
| **Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld:** | | | |
| Vaxtatekjur | | 20.138.313 | 18.324.654 |
| Vaxtagjöld | | ( 13.751) | ( 52.321) |
| Fjármagnstekjuskattur | | ( 4.478.167) | ( 3.664.930) |
| | | 15.646.395 | 14.607.403 |
| **Hagnaður ársins** | 5 | 20.141.366 | 1.487.695 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2017

| | Skýr. | 2017 | 2016 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| Fastafjármunir: | | | |
| Fasteign | 3 | 25.045.085 | 26.245.289 |
| Skrifstofubúnaður | 3 | 33.306.184 | 36.486.653 |
| Bundnar bankainnstæður | 4 | 161.065.730 | 152.236.040 |
| Fastafjármunir | | 219.416.999 | 214.967.982 |
| Óinnheimt árgjöld | 2 | 23.691.262 | 11.744.390 |
| Aðrar skammtímakröfur | | 0 | 1.000.000 |
| Veltubréf | 4 | 210.803.461 | 201.313.966 |
| Handbært fé | | 67.070.416 | 58.316.567 |
| Veltufjármunir | | 301.565.139 | 272.374.923 |
| **Eignir samtals** | | 520.982.138 | 487.342.905 |
| **Eigið fé** | | | |
| Eigið fé | 5 | 488.710.571 | 468.569.205 |
| **Skuldir** | | | |
| Grunnsjóður SSF | | 2.601.523 | 368.297 |
| Menntunarsjóður SSF | 2 | 6.050.547 | 4.574.162 |
| Styrktarsjóður SSF | 2,6 | 15.879.249 | 7.887.227 |
| Áfallinn fjármagnstekjuskattur | | 5.148.082 | 1.484.245 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 2.592.166 | 4.459.769 |
| Skuldir samtals | | 32.271.567 | 18.773.700 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 520.982.138 | 487.342.905 |

# Sjóðstreymisyfirlit árið 2017

| | Skýr. | 2017 | 2016 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Hagnaður ársins | 5 | 20.141.366 | 1.487.695 |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Afskriftir | 3 | 10.606.637 | 7.932.871 |
| Veltufé frá rekstri | | 30.748.003 | 9.420.566 |
| Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum: | | | |
| Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun | | ( 10.946.872) | 8.659.070 |
| Skammtímaskuldir, hækkun | | 13.497.867 | 6.366.974 |
| Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum | | 2.550.995 | 15.026.044 |
| Handbært fé frá rekstri | | 33.298.998 | 24.446.610 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | |
| Fjárfesting í rektrarfjármunum | | ( 6.225.964) | ( 26.757.824) |
| Bundnar bankainnstæður, breyting | 4 | ( 8.829.690) | 192.825.376 |
| Veltubréf, breyting | | ( 9.489.495) | ( 201.313.966) |
| Fjárfestingarhreyfingar | | ( 24.545.149) | ( 35.246.414) |
| **Hækkun (lækkun) á handbæru fé** | | 8.753.849 | ( 10.799.804) |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | | 58.316.567 | 69.116.371 |
| **Handbært fé í árslok** | | 67.070.416 | 58.316.567 |

# Skýringar

## 1. Reikningsskilaaðferðir

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

## 2. Innlausn tekna

Árgjöld samtakanna eru ákveðin á sambandsþingi að fengnum tillögum fjárhagsnefndar. Samþykkt var á 45. þingi SSF að félagsgjald verði óbreytt eða 0,7% af grunnlaunum. Frá og með 1. apríl 2013 renna 0,55% til SSF og 0,15% til Grunnsjóðs SSF.

SSF innheimtir þjónustugjald vegna umsýslukostnaðar við sjóði sem eru í umsjá þess. Vegna ársins 2017 greiðir Styrktarsjóður SSF 4,0 millj. kr. og Menntunarsjóður SSF 2,5 millj. kr.

## 3. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir greinast þannig:

| | Fasteign | Skrifstofu-búnaður | Samtals |
|---|---|---|---|
| Heildarverð 1.1.2017 | 40.006.806 | 50.977.869 | 90.984.675 |
| Afskrifað áður | ( 13.761.517) | ( 14.491.216) | ( 28.252.733) |
| Bókfært verð 1.1.2017 | 26.245.289 | 36.486.653 | 62.731.942 |
| Keypt á árinu | 0 | 6.225.963 | 6.225.963 |
| Afskrifað á árinu | ( 1.200.204) | ( 9.406.432) | ( 10.606.636) |
| Bókfært verð 31.12.2017 | 25.045.085 | 33.306.184 | 58.351.269 |
| | | | |
| Afskriftahlutföll | 3% | 15-20% | |

Fasteignamat fasteignar í árslok nam 50,2 millj. kr. Brunabótamat fasteignar á sama tíma var 71,5 millj. kr.

## 4. Veltubréf

Á árinu 2016 var fjárfest í innlendum skuldabréfum í Veltubréfasjóði Landsbréfa. Veltubréfin eru færð á skráðu gengi.

## 5. Eigið fé

Yfirlit um eigið fé:

| | Samtals |
|---|---|
| Eigið fé 1.1.2017 | 468.569.205 |
| Hagnaður ársins | 20.141.366 |
| Eigið fé 31.12.2017 | 488.710.571 |

**6. Sjóðir SSF**

Reglugerð um Vinnudeilusjóð SSF var samþykkt á 36. þingi samtakanna árið 1989 og er tilgangur sjóðsins að styrkja félagsmenn SSF ef til vinnudeilna kemur.

Frá 1. mars 1990 voru framlög til Vinnudeilusjóðs innheimt með félagsgjöldum. Framlag í Vinnudeilusjóð var 0,25% af launum starfsmanna frá 1. apríl 1999, 0,20% frá 1. janúar 2005 og 0,10% frá 1. janúar 2008. Á 45. þingi SSF árið 2013 var samþykkt að hætta inngreiðslum í Vinnudeilusjóð frá og með 1. apríl 2013.

Á 45. þingi SSF árið 2013 var ákveðið að stofna Grunnsjóð SSF með 0,15% af 0,7% framlagi af launum félagsmanna frá og með 1. apríl 2013. Tilgangur sjóðsins er að aðrir sjóðir SSF geti sótt um fjárframlag til Grunnsjóðs ef með þarf.

**7.** Samkvæmt kjarasamningi, sem undirritaður var 8. desember 2004, hafa bankarnir greitt 0,40% af grunnlaunum starfsmanna sinna til Styrktarsjóðs SSF árið 2005, 0,45% árið 2006, 0,50% frá 1. janúar 2007 og 0,70% frá 1. maí 2017. Tilgangur sjóðsins er að styrkja félagsmenn SSF vegna slysa og veikinda.

**8.** Stofnun Menntunarsjóðs SSF var samþykkt á 41. þingi SSF árið 2001. Frá 1. janúar 2009 greiða fjármálafyrirtæki 0,20% framlag í Menntunarsjóð af sama stofni og í Styrktarsjóð SSF samkvæmt kjarasamningi undirrituðum 5. desember 2008. Framlag í Menntunarsjóð var hækkað í 0,30% 1. janúar 2014.

**9. Sundurliðanir**

| Laun og launatengd gjöld greinast þannig: | **2017** | **2016** |
|---|---|---|
| Laun | 59.188.873 | 57.431.183 |
| Lífeyrisiðgjöld | 9.051.269 | 8.878.709 |
| Tryggingagjald | 4.981.364 | 5.033.757 |
| Annar starfsmannakostnaður | 756.874 | 644.256 |
| Laun og launatengd gjöld samtals | 73.978.380 | 71.987.905 |
| Fært á kostnað við fræðslu- og útgáfustarfsemi | ( 9.374.509) | ( 9.122.277) |
| Laun og launatengd gjöld í rekstrarreikningi | 64.603.871 | 62.865.628 |

Á árinu voru að meðaltali 4 stöðugildi miðað við heilsársstörf hjá Samtökum starfsmanna fjármálafyrirtækja. Laun stjórnarmanna og framkvæmdastjóra félagsins námu samtals 34 millj. kr.

**10.** Kostnaður vegna fræðslu- og útgáfustarfsemi greinist þannig:

| | **2017** | **2016** |
|---|---|---|
| Fræðslustarf: | | |
| Námskeið trúnaðarmanna | 5.989.324 | 1.925.000 |
| Annar námskeiðskostnaður | 2.518.169 | 0 |
| Hlutdeild í launum og launatengdum gjöldum | 9.374.509 | 9.122.277 |
| | 17.882.002 | 11.047.277 |
| Kynningar- og útgáfustarfsemi: | | |
| Útgáfa SSF-blaðsins | 2.800.568 | 3.454.994 |
| Prentun og dreifing SSF blaðsins | 1.353.838 | 1.267.688 |
| Vefmiðlar | 4.302.172 | 3.525.118 |
| Markaðsstarf | 509.708 | 890.468 |
| | 8.966.286 | 9.138.268 |
| Kostnaður vegna fræðslu- og útgáfustarfsemi samtals | 26.848.288 | 20.185.545 |

## Skýringar, frh.:

**11.** Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:

| | 2017 | 2016 |
|---|---|---|
| Þing SSF: | | |
| Kostnaður við þing SSF | 0 | 13.189.437 |
| Kannanir: | | |
| Launakönnun | 0 | 4.138.250 |
| Erlent samstarf: | | |
| Ráðstefnur og fundir | 7.761.176 | 5.217.799 |
| Félagsgjöld NFU og UNI | 3.518.905 | 4.079.063 |
| | 11.280.081 | 9.296.862 |
| Annar rekstrarkostnaður: | | |
| Viðhald fasteignar | 2.798.857 | 2.126.212 |
| Annar rekstur fasteignar | 3.758.925 | 3.932.854 |
| Rekstur skrifstofu | 3.558.235 | 3.974.918 |
| Fundir og ráðstefnur | 3.380.688 | 3.606.833 |
| Aðkeypt ráðgjafarþjónusta | 7.151.012 | 7.729.616 |
| Stefnumótun og 80 ára afmæli | 4.533.412 | 12.558.147 |
| Viðhald tölvubúnaðar, vefsíðu og hugbúnaðarleiga | 7.810.695 | 12.805.095 |
| Annar kostnaður | 4.984.584 | 3.022.036 |
| | 37.976.408 | 49.755.711 |
| Annar rekstrarkostnaður samtals | 49.256.489 | 76.380.260 |

# Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja

## Vinnudeilusjóður SSF

# Ársreikningur 2017

Vinnudeilusjóður SSF
Nethyl 2
110 Reykjavík

Kt. 590292-2149

# Efnisyfirlit

Bls.

Undirritun stjórnar á ársreikninginn ........ 29
Áritun óháðra endurskoðenda ........ 30
Rekstrarreikningur ........ 32
Efnahagsreikningur ........ 33
Sjóðstreymisyfirlit ........ 34
Skýringar ........ 35

# Undirritun stjórnar á ársreikninginn

Vinnudeilusjóður Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja var stofnaður árið 1992 og er tilgangur sjóðsins að styrkja félagsmenn SSF ef til vinnudeilna kemur.

Hagnaður af rekstri sjóðsins á árinu 2017 nam 34 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé sjóðsins í árslok nam 896 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi.

Á 45. þingi SSF árið 2013 var samþykkt að hætta inngreiðslum í Vinnudeilusjóð frá og með 1. apríl 2013.

Stjórn Vinnudeilusjóðs Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja staðfestir hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2017 með undirritun sinni.

Reykjavík, 13. apríl 2018

Í stjórn Vinnudeilusjóðs
Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja:



# Áritun óháðra endurskoðenda

Stjórn Vinnudeilusjóðs Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja.

## Áritun um endurskoðun ársreikningsins

### Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Vinnudeilusjóðs Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja ("sjóðurinn") fyrir árið 2017. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu sjóðsins 31. desember 2017 og afkomu hans og breytingu á handbæru fé á árinu 2017, í samræmi við lög um ársreikninga.

### Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð sjóðnum í samræmi við siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð stjórnar á ársreikningnum

Stjórn er ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem hún telur nauðsynlegt til að gera henni kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn að leggja mat á rekstarhæfi sjóðsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema hún ætli annað hvort að leysa sjóðinn upp eða hætta starfsemi hans, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits sjóðsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

# Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi sjóðsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert sjóðinn órekstrarhæfan.

- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

**Staðfesting vegna skýrslu stjórnar**

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 13. apríl 2018

**KPMG ehf.**

**Kjörnir skoðunarmenn**

# Rekstrarreikningur árið 2017

| | Skýr. | 2017 | 2016 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrargjöld:** | | | |
| Reikningsskil | | 129.952 | 143.952 |
| Rekstrartap | | ( 129.952) | ( 143.952) |
| **Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld:** | | | |
| Vaxtatekjur | | 42.408.563 | 40.943.008 |
| Vaxtagjöld | | ( 19.369) | 0 |
| Fjármagnstekjuskattur | | ( 8.481.712) | ( 8.188.601) |
| | | 33.907.482 | 32.754.407 |
| **Hagnaður ársins** | 4 | 33.777.530 | 32.610.455 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2017

| | Skýr. | 2017 | 2016 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| Veltubréf | 2 | 890.648.184 | 850.551.507 |
| Handbært fé | | 13.624.438 | 11.924.250 |
| Veltufjármunir | | 904.272.622 | 862.475.757 |
| **Eignir samtals** | | 904.272.622 | 862.475.757 |
| **Eigið fé** | | | |
| Eigið fé | 4 | 896.105.409 | 862.327.879 |
| **Skuldir** | | | |
| Áfallinn fjármagnstekjuskattur | | 8.167.213 | 147.878 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 904.272.622 | 862.475.757 |

# Sjóðstreymisyfirlit árið 2017

| | Skýr. | 2017 | 2016 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar:** | | | |
| Hagnaður ársins | 4 | 33.777.530 | 32.610.455 |
| Veltufé frá rekstri | | 33.777.530 | 32.610.455 |
| Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum: | | | |
| Skammtímaskuldir, hækkun | | 8.019.335 | 147.878 |
| Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum | | 8.019.335 | 147.878 |
| Handbært fé frá rekstri | | 41.796.865 | 32.758.333 |
